

## REGLUGERÐ

### um friðun hrygningarporsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

#### Austursvæði (Stokksnes að 19° V).

##### 1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00'V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til og með 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17°00'V. Þaðan í punkt 63°15'N og 17°00'V og síðan í punkt 63°05'N og 17°40'V og þaðan í réttvísandi 270° að 19°00'V.

#### Vestursvæði (19° V að Skor).

##### 2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00'V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita.

Að utan markast svæðið frá 19°00'V vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti 63°33'00 N og 20°27'00 V og þaðan í punkt 63°33'00 N og 20°50'00 V og þaðan í punkt 63°47'85 N - 21°16'00 V og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skorarvita

Frá og með 12. apríl til og með 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1. 63° 05'00 N – 19° 00'00 V
2. 63° 05'38 N – 24° 18'54 V
3. 63° 35'06 N – 23° 13'06 V
4. 63° 36'72 N – 23° 22'84 V
5. 63° 39'65 N – 23° 28'55 V
6. 64° 43'72 N – 24° 12'83 V
7. 64° 43'72 N – 24° 25'57 V

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skor.

**Önnur friðunarsvæði þorsks.**

3. gr.

Frá og með 15. apríl til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Gjögurvita (á Ströndum) austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

Frá og með 20. apríl til og með 6. maí eru allar veiðar á Hvalbakshalli óheimilar á svæði sem afmarkast af eftirgreindum punktum:

1. 63° 45'00 N – 14° 15'00 V
2. 63° 45'00 N – 13° 30'00 V
3. 64° 41'00 N – 11° 46'00 V
4. 64° 41'00 N – 12° 20'00 V

**Skarkolasvæði.**

4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

**A. Selvogsbanki:**

1. 63° 40'00 N – 21° 00'00 V
2. 63° 31'00 N – 20° 10'00 V
3. 63° 22'00 N – 20° 30'00 V
4. 63° 20'00 N – 20° 50'00 V

**B. Hafnarleir:**

1. 64° 05'00 N – 23° 15'00 V
2. 64° 05'00 N – 22° 54'00 V
3. 63° 50'00 N – 22° 53'00 V
4. 63° 50'00 N – 22° 57'00 V
5. 64° 00'00 N – 23° 20'00 V

**C. Breiðafjörður:**

1. 65° 16'00 N – 23° 27'00 V
2. 65° 10'00 N – 23° 27'00 V
3. 65° 00'00 N – 24° 20'00 V
4. 65° 05'00 N – 24° 37'00 V

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóng og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu sem dregin er frá Markakletti á Hraunsnesi vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*